

Helstu atriði í valfrjálsu tilboði –Uppfært 06.10.2023

Yfirlit næstu skrefa

- Stjórn Regins tekur ákvörðun um valfrjálst yfirtökutilboð í Eik í kjölfar markaðspreifinga
- Tilboðsyfirlit birt innan fjögurra vikna að fengnu samþykki frá FME og að fenginni samþykkt hluthafafundar Regins um hækkun hlutfjár tengt tilboðinu
- Gildistíma tilboðsins hefur verið framlengt til klukkan 13:00 þann 13. nóvember.
 - Möguleiki á frekari framlengingu gildistíma, til dæmis ef samþykki SKE liggur ekki fyrir, að fengnu samþykki FME
- Eftir að gildistími tilboðsins rennur út:
 - Tilkynnt um niðurstöðu innan þriggja viðskiptadaga
 - Afhending og greiðsla mun fara fram innan fimm viðskiptadaga

Félagið	Tilboðið nær til hluta í Eik fasteignafélagi hf., kt. 590902-3730, Sóltúni 26, 105 Reykjavík
Tilboðsgjafi	Reginn hf., kt. 630109-1080, Hagasmára 1, 201 Kópavogi
Tilboðshafar	Tilboðið tekur til allra hluta í Eik sem ekki eru þegar í eigu Eikar
Tilboðsverð	Með hliðsjón af dagslokagengi hlutabréfa í tilboðsgjafa og Eik þann 12. september síðastliðinn er miðað við að skiptihlutfallið samkvæmt hinu breytta tilboði sé þannig að hlutfall hluthafa Eikar sé 48% en hluthafa Regins 52%
Skilyrði tilboðs	Tilboðið er meðal annars háð eftirfarandi skilyrðum en tilboðsgjafi áskilur sér þó rétt til að falla frá því fyrra án skýringar: <ol style="list-style-type: none">1) Að Samkeppniseftirlitið geri ekki athugasemd við kaupin eða setji þeim skorður sem tilboðsgjafi getur ekki sætt sig við2) Að handhafar að lágmarki 75% atkvæðaréttar Eikar samþykki tilboðið
Gildistími tilboðs	Gildir til klukkan 13:00 þann 13. nóvember 2023
Fjármögnun tilboðsins	Viðskiptin eru fjármögnuð með útgáfu á nýjum hlutum í Regin hf. að fengnu samþykki hluthafafundar Regins fyrir útgáfu nýrra hluta vegna yfirtökutilboðsins
Afhending og greiðsla	Greiðslur fyrir hluti þeirra sem samþykkja tilboðið verða greiddar með nýjum útgefnum hlutum í Reginn hf.